Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Suðurlandsbraut 4, 108 Reykjavík, Mörkinni Lögmannsstofu.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Suðurlandsbraut 4, 3. hæð, Reykjavík, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 19. júní 2025.

Peter Dalmay hdl.

(2025013260A

Útgáfud.: 20. júní 2025

Innkallanir

Með úrskurðum héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 12. júní 2025 voru eftirtalin bú tekin til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búunum. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:

Bæjartún íbúðafélag hses.,
kt. 580820-1660,
Bæjarlind 4,
Kópavogi

Frestdagur:

25. mars 2025

Skiptafundur:

þriðjudaginn
9. september 2025,
kl. 10.00

2025013265)

Gokartbrautin ehf.,
kt. 550910-0390,
Stórásí 4-6,
Garðabæ

25. mars 2025

fimmtudaginn
4. september 2025,
kl. 10.00

2025013267)

Mauris ehf.,
kt. 640111-0970,
Skipalóni 6,
Hafnarfirði

13. febrúar 2025

mánudaginn
8. september 2025,
kl. 10.00

2025013266)

PartketBræður ehf.,
kt. 431018-1870,
Smiðsbúð 9,
Garðabæ

9. janúar 2025

miðvikudaginn
3. september 2025,
kl. 10.00

2025013268)

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búunum eða eigna í umráðum þeirra, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búunum innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innkallana þessara.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að skrifstofu hans að Höfðabakka 9, 6. hæð, 110 Reykjavík eða á netfangið sandra@magna.is.

Skiptafundur til að fjalla um skrár um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búanna verða haldnir á skrifstofu skiptastjóra að Höfðabakka 9, 6. hæð, Reykjavík, á ofangreindum tímum.

Komi ekkert fram um eignir í búunum mun skiptum lokið á þeim skiptafundum með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrár um lýstar kröfur munu liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundina.

Reykjavík, 12. júní 2025.

F.h. Flóka Ásgeirssonar skiptastjóri,
Sandra Mjöll Markúsdóttir lögmaður.

(2025013264A

Útgáfud.: 20. júní 2025

Innköllun

Með úrskurði héraðsdóms Austurlands uppkveðnum 19. júní 2025 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:

Videoklubben ehf.,
kt. 550419-2970,
Strandarvegi 27,
Seyðisfirði

Frestdagur:

10. apríl 2025

Skiptafundur:

föstudaginn
29. ágúst 2025,
kl. 10.00

2025013270)

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Suðurlandsbraut 4, 108 Reykjavík, Mörkinni lögmannsstofu.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Suðurlandsbraut 4, 3. hæð, Reykjavík, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 19. júní 2025.

Peter Dalmay hdl.

(2025013269A

Útgáfud.: 23. júní 2025

Innköllun

Með úrskurði héraðsdóms Suðurlands uppkveðnum 19. júní 2025 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:

Rögnvaldur Þorkelsson,
kt. 230470-3329,
Bogatúni 11,
Hellu

Frestdagur:

13. júní 2025

Skiptafundur:

mánudaginn
15. september 2025,
kl. 10.00

2025013342)

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfúlýsingar skulu sendar skiptastjóra að Lágmúla 5, 108 Reykjavík, Claudia & Partners Legal.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Lágmúla 5, Reykjavík, Claudia & Partners Legal, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 20. júní 2025.

F.h. Claudiu Ashanie Wilson lögmanns,

Lenya Rún Taha Karim.

(2025013341A

Útgáfud.: 26. júní 2025

Innköllum

Með úrskurði héraðsdóms Suðurlands uppkveðnum 16. júní 2025 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:

Icelandic Sustainable Seafood ehf, kt. 530415-0150,
Herjólfsgötu 4,
Vestmannaeyjum

Frestdagur:

10. apríl 2025

Skiptafundur:

miðvikudaginn
17. september 2025,
kl. 11.00

2025013658)

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfúlýsingar skulu sendar skiptastjóra að Suðurlandsbraut 4, 108 Reykjavík, Mörkinni lögmannsstofu.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Suðurlandsbraut 4, 3. hæð, Reykjavík, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 19. júní 2025.

Jón Örn Árnason lögmaður.

(2025013657A

Útgáfud.: 24. júní 2025

Embætti skólameistari Verkmenntaskóla Austurlands laust til umsóknar

Mennta- og barnamálaráðuneytið auglýsir embætti skólameistara Verkmenntaskóla Austurlands laust til umsóknar. Verkmenntaskóli Austurlands er opinber framhaldsskóli sem var stofnaður árið 1986. Skólinn er áfangaskóli og býður upp á fjölbreytt iðn- og tækninám ásamt bóknámi til stúdentsprófs á stúdentsprófsbrautum og sérnámsbraut. Þá er einnig boðið upp á helgarnám í verknámi og fjölbreytt fjarnám. Starfsmenn skólans eru um 30 og fjöldi nemenda í dagskóla er um 120.

Helstu verkefni og ábyrgð.

Skólameistari er faglegur leiðtogi í mótun skólastarfs á grundvelli laga og aðalnámskrár framhaldsskóla. Skólameistari veitir skólanum forstöðu. Hann stjórnar daglegum rekstri og starfi skólans og gætir þess að skólastarfið sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma. Hann ber ábyrgð á gerð fjárhagsáætlunar og að henni sé fylgt og hefur frumkvæði að gerð skólanámskrár og umbótastarfi innan skólans.

Hæfniskröfur.

Umsækjendur skulu hafa starfsheitið kennari, búa yfir hæfni sem stjórnandi og hafa viðbótarmenntun í stjórnun eða reynslu sem veitir sérhæfða hæfni sem snýr að skólaþróun, stjórnun, rekstri og stjórnsýslu.

Nánar tiltekið er leitað að umsækjendum sem hafa:

- Umfangsmikla stjórnunarreynslu og leiðtogahæfni.
- Reynslu af stefnumótunarvinnu og að stýra breytingum, ásamt hæfileika til nýsköpunar.
- Þekkingu og/eða reynslu af opinberri stjórnsýslu, fjármálum, rekstri og áætlanagerð.
- Skýra framtíðarsýn á tækifæri og áskoranir í skólastarfi á framhaldsskólastigi.
- Framúrskarandi samskiptahæfni og færni í að skapa liðsheild á vinnustað er nauðsynleg.

Frekari upplýsingar um starfið.

Um launakjör fer samkvæmt 39. gr. a laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Ráðning og kjör.

Mennta- og barnammálaráðherra skipar skólameistara til fimm ára í senn að fenginni umsögn hlutaðeigandi skólanefndar skv. 6. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008, sbr. lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum. Skipað er í embættið frá **1. ágúst 2025**.

Um ráðningu og launakjör skólameistara fer eftir 2. gr. 12. gr. laga nr. 95/2019 um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnaenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla og lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins eins og að ofan greinir.

Umsóknir:

Með umsókn skal fylgja 1) ferilskrá með upplýsingum um núverandi starf umsækjanda ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf, 2) kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hvernig umsækjandi uppfyllir hæfniskröfur samkvæmt starfsauglýsingu og 3) greinargerð umsækjanda um framtíðarsýn fyrir Verkmenntaskóla Austurlands út frá faglegum áherslum í skólastarfi.

Athygli er vakin á því að samkvæmt 7. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 er ráðuneytinu skylt að veita upplýsingar um nöfn og starfsheiti umsækjenda þegar umsóknarfrestur er liðinn.

Starfshlutfall er 100%.

Umsóknarfrestur er til og með 8. júlí 2025.

Nánari upplýsingar veitir Hildur Ragna Kristjánsdóttir mannauðsstjóri, hildur.ragna.kristjansdottir@mrn.is.

Mennta- og barnamálaráðuneytið.

(2025013405

Útgáfud.: 24. júní 2025

Embætti skólameistara Framhaldsskólans í Mosfellsbæ laust til umsóknar

Mennta- og barnamálaráðuneytið auglýsir embætti skólameistara Framhaldsskólans í Mosfellsbæ laust til umsóknar. Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ er opinber framhaldsskóli sem var stofnaður árið 2009. Skólinn býður upp á nám til stúdentsprófs á bóknámsbrautum auk þess að bjóða upp á framhaldsskólabraut og sérnámsbraut. Starfsmenn skólans eru að jafnaði tæplega 40 og fjöldi nemenda er tæplega 300. Við skólann er stundað leiðsagnarnám og má segja að kennsluaðferðir og námsmat fléttist saman.

Helstu verkefni og ábyrgð.

Skólameistari er faglegur leiðtogi í mótun skólastarfs á grundvelli laga og aðalnámskrár framhaldsskóla. Skólameistari veitir skólanum forstöðu. Hann stjórnar daglegum rekstri og starfi skólans og gætir þess að skólastarfið sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma. Hann ber ábyrgð á gerð fjárhagsáætlunar og að henni sé fylgt og hefur frumkvæði að gerð skólanámskrár og umbótastarfi innan skólans.

Hæfniskröfur.

Umsækjendur skulu hafa starfsheitið kennari, búa yfir hæfni sem stjórnandi og hafa viðbótarmenntun í stjórnun eða reynslu sem veitir sérhæfða hæfni sem snýr að skólaþróun, stjórnun, rekstri og stjórnsýslu.

Nánar tiltekið er leitað að umsækjendum sem hafa:

- Umfangsmikla stjórnunarreynslu og leiðtogahæfni.
- Reynslu af stefnumótunarvinnu og að stýra breytingum, ásamt hæfileika til nýsköpunar.
- Þekkingu og/eða reynslu af opinberri stjórnsýslu, fjármálum, rekstri og áætlanagerð.
- Skýra framtíðarsýn á tækifæri og áskoranir í skólastarfi á framhaldsskólastig.
- Framúrskarandi samskiptahæfni og færni í að skapa liðsheild á vinnustað er nauðsynleg.

Frekari upplýsingar um starfið.

Um launakjör fer samkvæmt 39. gr. a laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Ráðning og kjör:

Mennta- og barnamálaráðherra skipar skólameistara til fimm ára í senn að fenginni umsögn hlutaðeigandi skólanefndar skv. 6. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008, sbr. lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum. Skipað er í embættið frá **1. september 2025**.

Um ráðningu og launakjör skólameistara fer eftir 2. gr. 12. gr. laga nr. 95/2019 um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla og lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins eins og að ofan greinir.

Umsóknir:

Með umsókn skal fylgja 1) ferilskrá með upplýsingum um núverandi starf umsækjanda ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf, 2) kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hvernig umsækjandi uppfyllir hæfniskröfur samkvæmt starfsauglýsingu og 3) greinargerð umsækjanda um framtíðarsýn fyrir Framhaldsskólann í Mosfellsbæ út frá faglegum áherslum í skólastarfi.

Athygli er vakin á því að samkvæmt 7. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 er ráðuneytinu skylt að veita upplýsingar um nöfn og starfsheiti umsækjenda þegar umsóknarfrestur er liðinn.

Starfshlutfall er 100%.

Umsóknarfrestur er til og með 8. júlí 2025.

Nánari upplýsingar veitir Hildur Ragna Kristjánsdóttir mannauðsstjóri, hildur.ragna.kristjansdottir@mrn.is.

Mennta- og barnamálaráðuneytið.

(2025013408

Útgáfud.: 25. júní 2025

Skólameistari Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu

Mennta- og barnamálaráðuneytið auglýsir embætti skólameistara Framhaldsskólans í A-Skaftafellssýslu laust til umsóknar. Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu er opinber framhaldsskóli sem var stofnaður árið 1987. Skólinn er bóknámsskóli og starfar eftir áfangakerfi. Hann býður upp á nám til stúdentsprófs á stúdentsprófsbrautum, nám á starfsbraut og almennt braut. Þá býður skólinn einnig upp á fjarnám. Starfsmenn skólans eru um 21 og fjöldi nemenda í dagskóla er um 80.

Helstu verkefni og ábyrgð.

Skólameistari er faglegur leiðtogi í mótun skólastarfs á grundvelli laga og aðalnámskrár framhaldsskóla. Skólameistari veitir skólanum forstöðu. Hann stjórnar daglegum rekstri og starfi skólans og gætir þess að skólastarfið sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma. Hann ber ábyrgð á gerð fjárhagsáætlunar og að henni sé fylgt og hefur frumkvæði að gerð skólanámskrár og umbótastarfi innan skólans.

Hæfniskröfur.

Umsækjendur skulu hafa starfsheitið kennari, búa yfir hæfni sem stjórnandi og hafa viðbótarmenntun í stjórnun eða reynslu sem veitir sérhæfða hæfni sem snýr að skólaþróun, stjórnun, rekstri og stjórnsýslu.

Nánar tiltekið er leitað að umsækjendum sem hafa:

- Stjórnunarreynslu og leiðtogahæfni.
- Reynslu af stefnumótunarvinnu og að stýra breytingum, ásamt hæfileika til nýsköpunar.
- Þekkingu og/eða reynslu af opinberri stjórnsýslu, fjármálum, rekstri og áætlanagerð.
- Skýra framtíðarsýn á tækifæri og áskoranir í skólastarfi á framhaldsskólastigi.
- Framúrskarandi samskiptahæfni.

Frekari upplýsingar um starfið.

Um launakjör fer samkvæmt 39. gr. a laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Ráðning og kjör:

Mennta- og barnamálaráðherra skipar skólameistara til fimm ára í senn að fenginni umsögn hlutaðeigandi skólanefndar skv. 6. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008, sbr. lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum. Skipað er í embættið frá **1. nóvember 2025**.

Um ráðningu og launakjör skólameistara fer eftir 2. gr. 12. gr. laga nr. 95/2019 um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnaenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla og lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins eins og að ofan greinir.

Umsóknir:

Með umsókn skal fylgja 1) ferilskrá með upplýsingum um núverandi starf umsækjanda ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf, 2) kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hvernig umsækjandi uppfyllir hæfniskröfur samkvæmt starfsauglýsingu og 3) greinargerð umsækjanda um framtíðarsýn fyrir Framhaldsskólann í A-Skaftafellssýslu út frá faglegum áherslum í skólastarfi.

Athygli er vakin á því að samkvæmt 7. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 er ráðuneytinu skylt að veita upplýsingar um nöfn og starfsheiti umsækjenda þegar umsóknarfrestur er liðinn.

Starfshlutfall er 100%.

Umsóknarfrestur er til og með 9. júlí 2025.

Nánari upplýsingar veitir:

Hildur Ragna Kristjánsdóttir - hildur.ragna.kristjansdottir@mrn.is.

Menntamálaráðuneytið.

(2025013604

Útgáfud.: 26. júní 2025

Embætti framkvæmdastjóra Menntasjóðs námsmanna laust til umsóknar

Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti óskar eftir metnaðarfullum einstaklingi í embætti framkvæmdastjóra Menntasjóðs námsmanna.

Um starfsemi Menntasjóðs námsmanna fer samkvæmt lögum um sjóðinn nr. 60/2020. Framkvæmdastjóri sinnir daglegum rekstri Menntasjóðsins, sér um fjárreiður, reikningsskil og gerð fjárhagsáætlana og ber ábyrgð á að sjóðurinn starfi í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á því að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma sjóðsins sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir hans séu nýttir með réttum hætti.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Ábyrgð á daglegri starfsemi sjóðsins, fjárreiðum hans og rekstri.
- Gerð fjárhagsáætlana og eftirfylgni með þeim.
- Ábyrgð á mannauðsmálum.
- Samstarf við stjórn sjóðsins.
- Fer með fyrirsvar sjóðsins út á við og ber ábyrgð á samskiptum við fagráðuneyti og aðra opinbera aðila.
- Eftirfylgni með framkvæmd laga um Menntasjóð námsmanna og úthlutunarreglum sjóðsins.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Yfirgripsmikil reynsla á sviði stjórnunar og rekstrar.
- Þekking og haldgöð reynsla af fjárhagsáætlanagerð og reikningsskilum í samræmi við lög um opinber fjármál.
- Þekking á málefnum Menntasjóðs námsmanna er æskileg.
- Framúrskarandi leiðtoga- og samskiptahæfni.
- Skipulagshæfileikar, sjálfstæði, sveigjanleiki og frumkvæði í starfi.
- Þekking og reynsla á stjórnsýslulögum.
- Góð kunnátta í íslensku, ensku og einu norðurlandamáli er æskileg.

Ráðning og kjör:

Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra skipar framkvæmdastjóra Menntasjóðs námsmanna til fimm ára í senn að fengnum tillögum sjóðsstjórnar skv. 1. mgr. 31. gr. laga um Menntasjóð námsmanna, sbr. lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum. Um laun og önnur launakjör forstjóra fer skv. 39. gr. a sömu laga. Miðað er við skipun í embætti framkvæmdastjóra Menntasjóðs námsmanna frá og með 1. september 2025.

Umsóknir:

Umsókn skal fylgja starfsferilsskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um starfið. Umsóknir gilda í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Öllum umsóknum verður svarað að ráðningu lokinni.

Umsóknarfrestur er til og með 11. júlí 2025.

Nánari upplýsingar veitir Jón Vilberg Guðjónsson skrifstofustjóri á skrifstofu háskóla og vísinda um netfangið jon.vilberg.gudjonsson@mnh.is.

Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti.

(2025013661

Útgáfud.: 23. júní 2025

Skiptafundur

Skiptafundur í eftirtöldu þrotabúi verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Borgartúni 26, Reykjavík á neðangreindum tíma.

Með úrskurði Héraðsdóms Suðurlands uppkveðnum 20. desember 2013 var bú Guðmundar A. Birgissonar, kt. 010761-2049, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var Erla S. Árnadóttir lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Skiptum á búinu var lokið 20. desember 2022. Skiptin voru endurupptekin þann 27. desember 2024 á grundvelli 164. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skiptafundur verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Borgartúni 26, Reykjavík, fimmtudaginn 10. júlí nk. kl. 11.00. Á fundinum verður fjallað um frumvarp til viðbótarúthlutunar úr þrotabúinu, sem liggur þegar frammi á væntanlegum fundarstað til sýnis fyrir lánardrottna og aðra sem eiga lögvarinna hagsmuna að gæta. Verði andmælum ekki hreyft gegn frumvarpinu, í síðasta lagi á boðuðum fundi, mega þeir sem eiga hlut að máli vænta þess að skiptum verði lokið þar á grundvelli frumvarpsins, sem verður þar með úthlutunargerð úr þrotabúinu.

Þrotabú, nafn:

Guðmundur A. Birgisson,
kt. 010761-2049,
síðasta heimilisfang:
Núpum 3, Sveitarfélaginu Ölfusi

Skiptafundur:

10. júlí 2025,
kl. 11.00

Reykjavík, 19. júní 2025.

F.h. Erlu S. Árnadóttur lögmanns,
Þórhallur Bergmann lögmaður.

(2025013349

Útgáfud.: 24. júní 2025

Skiptafundur

Skiptafundur í eftirtöldu þrotabúi verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Urriðaholtsstræti 2-4 (3. hæð), IUS lögmannsstofa á neðangreindum tíma.

Til umfjöllunar er uppfærð kröfuskra með afstöðu til lýstra veðkrafna. Ekki er tekin afstaða til annarra krafna, sbr. 1. mgr. 119. gr. laga nr. 21/1991.

Þrotabú, nafn:

Laugavegur ehf.,
kt. 580469-0199,
síðasta heimilisfang:
Óðinsgötu 8A, Reykjavík

Skiptafundur:

1. júlí 2025,
kl. 10.00

Garðabæ, 13. júní 2025.

Garðar G. Gíslason lögmaður.

(2025013406

Útgáfud.: 25. júní 2025

Boðun til skiptafundar í þb. Ísgljá ehf.

Miðvikudaginn 9. júlí 2025 kl. 10.00 verður haldinn skiptafundur í þb. Ísgljá ehf., kt. 461109-1440, að skrifstofu skiptastjóra, Landslögum slf., 5. hæð í Borgartúni 26, Reykjavík.

Á fundinum mun skiptastjóri leggja fram frumvarp til úthlutunargerðar á grundvelli skipta skv. 160. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

Frumvarpið verður til sýnis fyrir lánardrottna og aðra sem eiga lögættra hagsmuna að gæta á starfsstofu skiptastjórans síðustu tvær vikurnar fyrir fundinn. Auðsótt er að fá frumvarpið sent með rafrænum hætti. Vænta

má að frumvarpið verði lagt óbreytt til grundvallar sem úthlutunargerð ef engin andmæli koma fram gegn því, sbr. 1. mgr. 159. gr. laga nr. 21/1991.

Gunnar Atli Gunnarsson lögmaður, skiptastjóri.

(2025013523

Útgáfud.: 26. júní 2025

Skiptafundur

Skiptafundur í eftirtöldu þrotabúi verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Laugavegi 31, Reykjavík á neðangreindum tíma. Á fundinum verður fjallað um frumvarp til úthlutunar úr þrotabúinu, sem liggur þegar frammi á væntanlegum fundarstað til sýnis fyrir lánardrottna og aðra sem eiga lögvarinna hagsmuna að gæta. Verði andmælum ekki hreyft gegn frumvarpinu, í síðasta lagi á boðuðum skiptafundi, mega þeir sem eiga hlut að máli vænta þess að skiptum verði lokið þar á grundvelli frumvarpsins, sem verður þar með úthlutunargerð úr þrotabúinu.

Nafn bús:

EBrS ehf.,
kt. 460720-0600,
Kleppsvegi 120, Reykjavík

Skiptafundur:

10. júlí 2025,
kl. 10.00

Reykjavík, 24. júní 2025.

F.h. Evu Halldórsdóttur lögmanns skiptastjóra,
Jón Nordal lögmaður.

(2025013650

Útgáfud.: 20. júní 2025

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 11. mars 2025 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 21. maí 2025 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Finnur Kristján Traustaosn,
kt. 120387-7279,
ótilgreint í Reykjavík

Lýstar kröfur:

kr. 2.265.367

Reykjavík, 5. júní 2025.

Þórarinn V. Þórarinsson lögmaður.

(2025013247

Útgáfud.: 20. júní 2025

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 13. mars 2025 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 3. júní 2025 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Royal og Zlátur ehf.,
kt. 650108-2560,
Álfhólsvegi 40, Kópavogi

Lýstar kröfur:

kr. 6.345.922

Reykjavík, 5. júní 2025.

Þórarinn V. Þórarinsson lögmaður.

(2025013252

Útgáfud.: 23. júní 2025

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 2. apríl 2025 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 11. júní 2025 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

UXD ehf,
kt. 710523-1850,
Látraströnd 52, Seltjarnarnesi

Lýstar kröfur:

kr. 5.360.834

Reykjavík, 11. júní 2025.

Erna Guðmundsdóttir hdl.

(2025013346

Útgáfud.: 23. júní 2025

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 9. október 2024 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 13. júní 2025 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Ítalgest ehf.,
kt. 471292-2149,
Dugguvogi 23, Reykjavík

Lýstar kröfur:

kr. 116.128.767

Reykjavík, 13. júní 2025.

F.h. Björns Þorra Viktorssonar skiptastjóra,
Elfar Elí Schweitz Jakobsson lögmaður.

(2025013348

Útgáfud.: 23. júní 2025

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 2. apríl 2025 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 11. júní 2025 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

MPS Verktaki ehf,
kt. 440822-0290,
Háaleitisbraut 151, Reykjavík

Lýstar kröfur:

kr. 7.269.256

Reykjavík, 11. júní 2025.

Erna Guðmundsdóttir lögmaður.

(2025013351

Útgáfud.: 23. júní 2025

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 23. nóvember 2023 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 16. júní 2025 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Þak, byggingafélag ehf.,
kt. 571298-2529,
Skiopholti 27, Reykjavík

Lýstar kröfur:

Forgangskröfur kr. 14.754.687. Almennar kröfur kr. 142.025.287.

Reykjavík, 16. júní 2025.

Páll Eiríksson lögmaður.

(2025013352

Útgáfud.: 25. júní 2025

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 19. mars 2025 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 2. júní 2025 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Grímarsfell ehf.,
kt. 620518-0690,
Sundagörðum 2, Reykjavík

Lýstar kröfur:

Heildarfjárhæð lýstra krafna nam 11.080.533 kr.

Mosfellsbæ, 12. júní 2025.

Helga Björg Jónsdóttir lögmaður.

(2025013601

Útgáfud.: 25. júní 2025

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 7. febrúar 2024 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Skiptum á búinu var lokið 13. júní 2025.

Nafn bús:

Ljónstunga ehf.,
kt. 421109-0440,
Völuteigi 3, Mosfellsbæ

Lýstar kröfur:

Upphaflega var lýst kröfum í búð sem námu í heild 20.207.817 krónum. Þegar leiðréttingar höfðu átt sér stað vegna áætlana, innborgana á bús- og lögveðskröfur o.fl. stóðu eftir almennar kröfur skv. 113. gr. laga nr. 21/1991 að fjárhæð 2.748.897 krónur. Upp í þær kröfur greiddust 1.328.989 krónur, eða sem nemur um 48,3% af almennum kröfum.

Reykjavík, 18. júní 2025.

F.h. Mörtu Bryndísar Matthíasdóttur lögmanns,
Gestur Gunnarsson lögmaður.

(2025013612

Útgáfud.: 25. júní 2025

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 5. febrúar 2025 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 6. maí 2025 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Carpe Diem Tours ehf.,
kt. 460314-1350,
Nóatúni 17, Reykjavík

Lýstar kröfur:

kr. 6.787.759

Seltjarnarnesi, 5. júní 2025.

Valborg Þ. Snævarr hrl.

(2025013613

Útgáfud.: 25. júní 2025

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Suðurlands uppkveðnum 8. mars 2023 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Skiptum á búinu var lokið 16. júní 2025.

Búskröfur greiddust að fullu, samtals að fjárhæð kr. 350.000. Upp í veðkröfur greiddust kr. 12.617.092. Upp í forgangskröfur greiddust kr. 93.030. Heildar úthlutun úr búinu nam því kr. 13.060.122.

Nafn bús:**Lýstar kröfur:**

kr. 35.595.615

Straumvit ehf.,
kt. 571017-0400,
Arnarheiði 9b, Hveragerði

Reykjavík, 18. júní 2025.

Reynir Þór Garðarsson lögmaður.

(2025013614

Útgáfud.: 25. júní 2025

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 5. febrúar 2025 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 20. maí 2025 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

K6-BYGG ehf.,
kt. 521016-0510,
Óðinsgata 8a, Reykjavík

Lýstar kröfur:

kr. 7.520.584

Seltjarnarnesi, 5. júní 2025.

Valborg Þ. Snævarr hrl.

(2025013617

Útgáfud.: 25. júní 2025

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 13. mars 2025 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 18. júní 2025 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Arctic Snack ehf.,
kt. 620715-0340,
Iðngörðum 14, Suðurnesjabæ

Lýstar kröfur:

Almennar kröfur: kr. 6.349.703. Eftirstæðar kröfur: kr. 77.311. Samtal lýstar kröfur: kr. 6.427.014

Reykjavík, 18. júní 2025.

Magnús Pálmi Skúlason lögmaður.

(2025013619

Útgáfud.: 25. júní 2025

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 13. mars 2025 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 18. júní 2025 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Náttmörður ehf.,
kt. 471116-0410,
Hraunbraut 5, Kópavogi

Lýstar kröfur:

Almennar kröfur: kr. 13.311.885 Eftirstæðar kröfur: kr.
75.182 Samtals lýstar kröfur: kr. 13.387.067

Reykjavík, 18. júní 2025.

Magnús Pálmi Skúlason lögmaður.

(2025013620

Útgáfud.: 26. júní 2025

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 7. nóvember 2024 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 12. júní 2025 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Elevate ehf.,
kt. 510923-1380,
Austurkór 102, Kópavogi

Lýstar kröfur:

kr. 1.366.251

Reykjavík, 19. júní 2025.

Þórir Örn Árnason lögmaður.

(2025013651

Útgáfud.: 26. júní 2025

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 27. nóvember 2019 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 5. júní 2025 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Eyjan Media ehf.,
kt. 691009-0330,
Laugavegi 7, Reykjavík

Lýstar kröfur:

kr. 5.148.040

Reykjavík, 19. júní 2025.

Kristján B. Thorlacius hrl.

(2025013652

Útgáfud.: 26. júní 2025

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 7. mars 2018 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Skiptum á búinu var lokið 11. júní 2025.

Skiptum lauk með úthlutunargerð úr þrotabúinu samkvæmt 160. gr. laga nr. 21/1991. Forgangskröfur fengust greiddar að fullu. Þá fengust greiddar kr. 114.021.665 upp í almennar kröfur, sem samsvarar 38,41%.

Nafn bús:

DV ehf.,
kt. 590310-0420,
Kringlunni 4 - 12, Reykjavík

Lýstar kröfur:

kr. 360.567.748

Reykjavík, 19. júní 2025.

Kristján B. Thorlacius hrl.

(2025013653

Útgáfud.: 26. júní 2025

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 30. maí 2018 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 5. júní 2025 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Vefpressan ehf.,
kt. 660209-1310,
Laugavegi 7, Reykjavík

Lýstar kröfur:

kr. 383.299.033

Reykjavík, 19. júní 2025.

Kristján B. Thorlacius hrl.

(2025013656

Útgáfud.: 26. júní 2025

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 13. desember 2017 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Skiptum á búinu var lokið 11. júní 2025.

Skiptum lauk með úthlutunargerð úr þrotabúinu samkvæmt 160. gr. laga nr. 21/1991. Forgangskröfur fengust greiddar að fullu. Þá fengust greiddar kr. 117.507.235 upp í almennar kröfur, sem samsvarar 37,77%.

Nafn bús:

Pressan ehf.,
kt. 420702-2640,
Kringlunni 4-12, Reykjavík

Lýstar kröfur:

kr. 471.351.130

Reykjavík, 19. júní 2025.

Kristján B. Thorlacius hrl.

(2025013660

Útgáfud.: 27. júní 2025

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 13. febrúar 2025 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 20. júní 2025 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Fagrihvoll ehf.,
kt. 430216-1980,
Efstuhlíð 17, Hafnafirði

Lýstar kröfur:

kr. 5.149.160

Reykjavík, 20. júní 2025.

F.h. Fannars Freys Ívarssonar lögmanns,
Bjarki Már Magnússon lögmaður.

(2025013689

Útgáfud.: 19. júní 2025

Auglýsing um skipulag - Reykjavíkurborg

Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040.

Landnotkunarheimildir við Hringbraut.

Hringbraut sem aðalgata frá Bjarkargötu að Suðurgötu.

Auglýsing sbr. 31. gr. skipulagssлага.

Borgarráð Reykjavíkur samþykkti þann 13. mars 2025 að auglýsa tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040, *Landnotkunarheimildir við Hringbraut: Hringbraut sem aðalgata frá Bjarkargötu að Suðurgötu*, samkvæmt 1. mgr. 36. gr, sbr. 31. gr. skipulagssлага nr. 123/2010.

Í tillögunni er lagt til að aðalgötuheimildir gildi við norðanverða Hringbraut (nr. 22-34), milli Bjarkargötu og Suðurgötu. Lóðir sem standa við Hringbraut á þessum hluta hennar, munu þar með eftirleiðis njóta sömu landnotkunarheimilda og hafa gilt á öðrum sambærilegum götuköflum Hringbrautar síðan í byrjun árs 2014. Framkomnar athugasemdir og umsagnir á fyrri stigum eru auglýstar með tillögunni.

Gögnin verða til kynningar í Skipulagsgáttinni, samráðsvettvangi um skipulagsmál, sjá skipulagsgatt.is. Óskað er eftir því að athugasemdum verði komið á framfæri á þeim vettvangi til og með 31. júlí 2025. Þau sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar (skipulag@reykjavik.is).

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar.

(2025013210

Útgáfud.: 20. júní 2025

Auglýsing um skipulag - Hveragerði

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkti á fundi sínum þann 12. júní að auglýsa skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 skipulagslýsingu fyrir aðalskipulagsbreytingu og nýtt deiliskipulag á svæði AT3, sem er land Fagrahvatns og Reykjamar 22. Svæðið er 4,6 ha og er landnotkun í núgildandi aðalskipulagi athafnasvæði þar sem gert var ráð fyrir blandaðri notkun gróður- og íbúðarhúsa á reitnum. Breytt landnotkun miðast við að svæðið verði íbúðabyggð. Hverfisvernd er meðfram Varmá og verndarákvæði eru einnig á nokkrum trjám innan svæðisins.

Í skipulagslýsingunni kemur fram að markmið tillögunnar er að skapa nýja og fjölbreytta íbúðabyggð, samhliða því að auðga bæinn og mannlífið í nágrenninu. Heimilin í Fagrihvammi eru hugsuð með framtíðina í huga þar sem lífsgæði og jafnvægi við náttúruna eru í forgrunni. Áhersla verður á nútímalega byggingarlist þar sem hagkvæmni og notagildi er haft að leiðarljósi.

Tillagan er aðgengileg á Skipulagsgátt (skipulagsgatt.is) undir málnúmeri 826/2025, liggur frammi á bæjarskrifstofu Hveragerðisbæjar að Breiðumörk 20 sem og á heimasíðu Hveragerðisbæjar.

Þau sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera skriflega athugasemd með umsögn á Skipulagsgátt, í síðasta lagi 28. júlí 2025. Allar fyrirsurnir skulu berast á netfangið hildur@hveragerdi.is.

Hildur Gunnarsdóttir skipulagsfulltrúi.

(2025013263

Útgáfud.: 25. júní 2025

Auglýsing um skipulag - Snæfellsbær

Tillaga að nýju deiliskipulagi fyrir Amtmannshúsið á Arnarstapa.

Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar samþykkti á fundi sínum þann 19. júní 2025 að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Amtmannshúsið á Arnarstapa í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Með nýju deiliskipulagi er skilgreindur byggingarreitur undir vellíðunarhús sem mun hýsa slökunarrými, þurrufu, heitan pott og verandir. Vellíðunarhúsið skal ríma við útlit núverandi húsa á lóðinni, klætt dökkri viðarklæðningu, með mænispaki sem stallast niður með landslaginu. Útveggir skulu klæddir að hluta til með hlöðnu grjóti líkt og núverandi veggir á lóðinni. Breytingar innan lóðar taka eingöngu til uppbyggingu vellíðunarhúss og svæðis í kringum það. Leyfilegt er að byggja alls 130 fm A+B rými. A rými má þó ekki vera stærra en 80 fm.

Gögn eru frá KRADS: Uppdráttur og greinargerð ásamt skýringaruppdætti.

Hægt er að skoða tillöguna frá 25. júní - 6. ágúst 2025 á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar, skipulagsgatt.is, undir málnúmeri 851/2025.

Umsagnaraðilum og þeim sem eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna í síðasta lagi 6. ágúst 2025. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast inn á skipulagsgatt.is vegna máls nr. 851/2025.

Skipulagsfulltrúi Snæfellsbæjar.

(2025013603

Útgáfud.: 25. júní 2025

Auglýsing um skipulag - Akureyrarbær

Lóð sjúkrahússins á Akureyri - Tillaga að breytingu á deiliskipulagi sjúkrahússins á Akureyri við Eyrarlandsveg.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar auglýsir skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, tillögur að breytingu á deiliskipulagi sjúkrahússins á Akureyri við Eyrarlandsveg.

Tillögurnar gera m.a. ráð fyrir að lóðin sé minnkuð og fari úr 77.690 m² í 72.593 m² eftir breytingu. Við minnkunina verða þá breytingar á lóðarmörkum meðfram Búðartröð sunnanverðri, Þórunnarstræti og Lystigarðinum. Þá eru gerðar breytingar á byggingarreitum og bílastæðum þar sem að megin byggingarreitur færist úr því að ná yfir svæði beggja vegna Búðartraðar í að vera einungis austan Búðartraðar og öll bílastæði færast samtímis vestur fyrir Búðartröð.

Tillöguupprátt ásamt greinargerð má nálgast hjá skipulagssviði í Ráðhúsi Akureyrar frá 25. júní - 7. ágúst 2025. Tillagan verður einnig aðgengileg á heimasíðu bæjarins á sama tíma á www.akureyri.is undir Skipulag í auglýsingu og á www.skipulagsgatt.is.

Ábendingum þar sem nafn og kennitala kemur fram má skila til skipulagssviðs í Ráðhúsi, Geislagötu 9 eða í gegnum Skipulagsgátt á www.skipulagsgatt.is.

Frestur til að skila inn ábendingum er veittur til 7. ágúst 2025.

25. júní 2025.

Skipulagsfulltrúi.

(2025013611

Útgáfud.: 26. júní 2025

Auglýsing um skipulag - Sveitarfélagið Árborg

Í samræmi við 41 og 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi deiliskipulagsbreyting:

Tryggvagata 15 - Deiliskipulagsbreyting 2025.

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti þann 18. júní 2025 tillögu að breytingu á gildandi deiliskipulagi skóla og sundhallarreits við Tryggvagötu 15 á Selfossi. Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi sem tók gildi með birtingu auglýsingar nr. 591 í B-deild Stjórnartíðinda þann 23. júní 2014. Þrjár breytingar hafa verið gerðar á deiliskipulaginu síðan. Í síðustu breytingunni, sem samþykkt var í bæjarstjórn Árborgar þann 13. desember 2023 var byggingarheimild á nýjum byggingarreit stækkuð sem heimilaði viðbyggingu á tveimur hæðum norðan við sundhöllina til að stækka líkamsræktaraðstöðu á fyrstu og annarri hæð. Þeirri uppbyggingu er nú lokið.

Breytingar nú, felast í eftirfarandi þáttum:

1. Ný kennslu/keppnislaug með sjö brautum er staðsett sunnan við núverandi laug syðst á útisvæði.
2. Núverandi pottar næst útiklefum færast og breytast.
3. Nýr byggingarreitur kemur sunnan við Sundhöll. Innan hans er heimilt að reisa nýjan vaktturn og upphitaða búningsklefa.
4. Nýr byggingarreitur fyrir geymslu og þjálfaraaðstöðu kemur vestan við núverandi laug.
5. Ný rennibraut kemur í stað núverandi.
6. Aðkoma fyrir skólabíla/rútur/þjónustubíla verður við Bankaveg, austan megin við nýja búningsklefa. Bílastæðum fækkar.
7. Lóðamörk milli Tryggvagötu 13 og 15 færast til norðurs og þar með breytast lóðarstærðir, sjá meðfylgjandi töflu.
8. Nýtingarhlutfall beggja lóða breytist vegna breyttra lóðarstærða og aukins byggingarmagns á lóð Tryggvagötu 15, sjá meðfylgjandi töflu.
9. Bílastæði hreyfihamlaðra norðan við Sundhöll breytast. Aðrir byggingarskilmálar haldast óbreyttir.

Ofangreind skipulagstillaga liggur frammi til auglýsingar á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi. Að auki er hægt að nálgast tillöguna á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar á vefslóðinni www.arborg.is og á www.skipulagsgatt.is

Skipulagstillagan er í auglýsingu frá 26. júní 2025, til og með 8. ágúst 2025.

Athugasemdum og ábendingum skal skila inn á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar www.skipulagsgatt.is undir viðeigandi máli (nr. 839/2025). Einnig má koma á framfæri athugasemdum og ábendingum skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67 á Selfossi.

Frestur til að skila inn athugasemdum er til og með 8. ágúst 2025.

Í samræmi við 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er ákvörðun stjórnvalds kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku skipulags í B-deild Stjórnartíðinda.

Rúnar Guðmundsson
skipulagsfulltrúi.

(2025013659

Útgáfud.: 26. júní 2025

Auglýsing um skipulag - Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur og Hrunamannahreppur

Samkvæmt 30. og 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur aðalskipulagsbreytinga, deiliskipulagsáætlana og skipulagslýsinga eftirfarandi skipulagsáætlana:

1. Hrafnabjörg L194595; Breyttir landnotkunarflokkar; Aðalskipulagsbreyting – 2212038.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 19. júní 2025 að kynna tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til svæðis í landi Hrafnabjarga L194595. Innan frístundahúsareits F20 verður landsvæði Hrafnabjarga leiðrétt með því að færa frístundahúsasvæðið út af núverandi skógræktarsvæði og yfir í Klapparholt þar sem ræktunarskilyrði eru óhentug m.t.t. landbúnaðar. Skógræktarsvæði verður sýnt þar sem frístundabyggð er sýnd í landi Hrafnabjarga á reit F20 í gildandi aðalskipulagi. Í breytingunni felst því tilfærsla á landbúnaðarsvæði yfir í frístundasvæði og frístundasvæði yfir í skógræktarsvæði.

2. Ormsstaðir L168271; Frístundasvæði F66; Deiliskipulag – 2506021.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 18. júní 2025 að kynna tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til frístundasvæðis F66 í landi Ormsstaða. Í skipulaginu felst m.a. skilgreining lóða og byggingarreita og leiðréttingar á legum lóða og vega innan svæðisins.

3. Villingavatn L170831; Nytjaskógrækt og landgræðsla; Aðalskipulagsbreyting – 2505090.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 18. júní 2025 að kynna skipulagslýsingu sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps innan jarðar Villingavatns L170831. Með breytingunni verður sett inn nýtt skógræktar- og landgræðslusvæði á Villingavatni og heimiluð skógrækt á allt að 1.300 ha svæði. Markmið framkvæmdarinnar er að rækta skóg sem bindur kolefni, skapa timburnytjar og græða upp raskað land.

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga aðalskipulagsbreytingar eftirfarandi skipulagsáætlunar:

4. Fell L177478; Landbúnaðarsvæði (Engjaholt) í verslun- og þjónustu; Aðalskipulagsbreyting – 2404070.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 19. mars 2025 að auglýsa tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til Fells L177478. Um er að ræða alls um 16,3 ha sem tillagan tekur til. 11,3 ha svæði sunnan Biskupstungnabrautar sem verður skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði og 5 ha norðan Biskupstungnabrautar sem skiptist í 2,6 ha verslunar- og þjónustusvæði og 2,4 ha frístundasvæði. Innan breytingarinnar er gerð ráð fyrir heimild fyrir uppbyggingu hótels og bygginga því tengdu alls um 8.500 fm fyrir allt að 200 gesti. Auk þess er gert ráð fyrir heimild fyrir 100 litlum gistihúsum til útleigu. Heildarbyggingarmagn slíkra húsa geti verið allt að 3.500 fm fyrir allt að 200 gesti. Auk þess er gert ráð fyrir heimild fyrir allt að 12 íbúðar-, útleigu- og starfsmannahúsum á svæðinu norðan Biskupstungnabrautar. Ábendingar bárust frá Skipulagsstofnun við afgreiðslu tillögunnar fyrir auglýsingu og eru þær birtar samhliða auglýsingu ásamt uppfærðum gögnum.

Málið hefur verið í auglýsingu frá 15. maí 2025 og er nú auglýst aftur með lengdum athugasemdafresti ásamt dagsetningu á sérstökum kynningarfundum vegna málsins. Sjá nánar neðar í auglýsingu.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga eftirfarandi deiliskipulagsáætlunar:

5. Fell L177478; Landbúnaðarsvæði (Engjaholt) í verslun- og þjónustu; Deiliskipulag – 2408104.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 19. mars 2025, deiliskipulag til auglýsingar, sem tekur til lands Fells L177478 (Engjaholt) sem er um 16,3 ha að stærð. Samkvæmt fyrirliggjandi

aðalskipulagsbreytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015 -2027, dagsett 23. ágúst 2024, eru um 13.9 ha svæðisins skilgreint sem verslun og þjónusta, merkt VP45 og um 2.4 ha sem frístundabyggð merkt F110. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir að landinu verði skipt upp í fimm lóðir. Á reit 1 er gert ráð fyrir 100 litlum gistihúsum til útleigu ásamt þjónustuhúsi. Auk þess er á reitnum gert ráð fyrir heimild fyrir hóteli ásamt veitingarekstri og þjónustuhúsi á 3-4 hæðum í þremur samtengdum byggingum. Heildarbyggingarmagn hótels og byggingum því tengdu eru 8.500 fm. Á lóð merkt 6 er gert ráð fyrir 12 húsum sem geta verið nýtt til útleigu til ferðamanna og sem íbúðar-/starfsmannahús. Gert er ráð fyrir að húsin geti verið allt að 200 fm hvert. Heildarbyggingarmagn verður að hámarki 4.000 fm. Lóðir merktar 2 og 4 verði frístundalóðir. Gert er ráð fyrir undirgöngum undir Biskupstungnabraut til að mynda tengingu á milli svæðanna.

Málið hefur verið í auglýsingu frá 15. maí 2025 og er nú auglýst aftur með lengdum athugasemdafresti ásamt dagsetningu á sérstökum kynningarfundum vegna málsins. Sjá nánar neðar í auglýsingu.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Hverabraut 6, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni www.utu.is og á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar [skipulagsgatt.is](http://www.skipulagsgatt.is)/ www.baskogabyggd.is, www.gogg.is og www.hrunamannahreppur.is.

Mál 1 - 3 innan auglýsingar er skipulagsmál í kynningu frá 26. júní 2025 með athugasemdafresti til og með 18. júlí 2025.

Mál 4 og 5 eru mál sem voru upphaflega auglýst með athugasemdafrest frá 15. maí til og með 27. júní 2025. Athugasemdafrestur er lengdur vegna íbúafundar sem tekur til kynningar á málinu og verður til og með 14. júlí 2025.

Íbúafundur verður haldin vegna kynningar á málum 4 og 5 sem taka til Fells L177478 (Engjaholts). Fundurinn verður haldinn í Aratungu kl.16:00 þann 30. júní 2025.

Athugasemdum og ábendingum skal skila inn á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar www.skipulagsgatt.is undir viðeigandi máli. Einnig má koma á framfæri athugasemdum og ábendingum skriflega á skrifstofu UTU Hverabraut 6, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið skipulag@utu.is.

Fyrirspurnir má senda á netfang UTU skipulag@utu.is.

Vígús Þór Hróbjartsson

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og Tæknisviðs Uppsveita.

(2025013663

Útgáfud.: 27. júní 2025

Auglýsing um skipulag - Borgarbyggð

Í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst tillaga að nýju deiliskipulagi í Borgarbyggð.

Þann 12. júní 2025 var samþykkt að auglýsa eftirfarandi tillögu að nýju deiliskipulagi hjólhýsabyggðar í Galtarholti 3 í Borgarbyggð á fundi sveitarstjórnar Borgarbyggðar.

Deiliskipulag hjólhýsabyggðar í Galtarholti 3.

